

Verum viðbúin

Spurt og svarað fyrir sveitafélög

Bæklingurinn *Verum viðbúin* er gefinn út af Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra með það að markmiði að efla viðbúnað almennings og styrkja seiglu samfélagsins. Hann veitir hagnýtar upplýsingar sem hjálpa einstaklingum, heimilum og samfélaginu öllu að vera betur undirbúin þegar á reynir.

Hver er meginboðskapurinn í bæklingnum?

Öryggi er sameiginlegt verkefni. Með einföldum undirbúningi geta heimili aukið eigið öryggi, stutt við nágranna sína og auðveldað sveitarfélögum og viðbragðsaðilum að sinna hlutverki sínu þegar á reynir. Þegar fleiri eru undirbúnir geta viðbragðsaðilar betur sinnt þeim sem mest þurfa á aðstoð að halda. Þetta snýst um að vera upplýst, undirbúin og tilbúin til að hjálpast að.

Hvert er hlutverk sveitarfélaga í almannavörnum?

Sveitarfélög eru oft næst íbúunum þegar á reynir. Þau gegna mikilvægu hlutverki í upplýsingagjöf, stuðningi við íbúa og samhæfingu þjónustu, auk þess að vinna náið með lögreglu, Almannavörnum og öðrum viðbragðsaðilum þegar óvæntar aðstæður skapast.

Hvers vegna núna?

Á síðustu árum höfum við upplifað eldgos, óveður og aðrar áskoranir sem minna okkur á mikilvægi viðbúnaðar. Jafnframt hefur aukin áhersla verið lögð á viðbúnað almennings víða í Evrópu. Markmiðið er einfaldlega að fleiri hafi hugsað sinn viðbúnað áður en eitthvað kemur upp á.

Er þetta hræðsluáróður?

Tilgangurinn er ekki að vekja ótta heldur að efla öryggi og viðbúnað. Við búum í öruggu samfélagi en góður undirbúningur skiptir máli. Rétt eins og við setjum upp reykskynjara án þess að búast við eldsvoða er skynsamlegt að vera undirbúin fyrir aðstæður sem geta haft áhrif á daglegt líf.

Hvað kemur fram í bæklingnum?

Bæklingurinn er ætlaður sem stuðningur fyrir heimili sem vilja vera betur undirbúin. Þar er að finna einfaldar og hagnýtar upplýsingar um hvernig bregðast má við ef daglegt líf raskast, hvert leita má upplýsinga og hvað getur verið gott að hafa tiltækt á heimilinu, svo sem útvarp sem gengur fyrir rafhlöðum, hleðslubanka, vasaljós, lyf og aðrar nauðsynjar sem geta nýst þegar á reynir.

Eruð þið að tala um eitthvað annað en eldgos og óveður?

Þótt náttúruvá sé stór hluti almannavarna byggir daglegt líf okkar einnig á mikilvægum innviðum eins og rafmagni, fjarskiptum, interneti og vatnsveitum. Truflanir á þessum innviðum geta haft áhrif á heimili, fyrirtæki og þjónustu sveitarfélaga. Þess vegna er mikilvægt að vera undirbúin fyrir mismunandi aðstæður.



Hvað er fyrsta skrefið og þarf ég að kaupa mikið til að fylgja leiðbeiningunum?

Fyrsta skrefið er að lesa bæklinginn og fara yfir stöðuna á heimilinu. Flest heimili eiga nú þegar margt af því sem mælt er með og oft nægir að rifja upp hvar hlutirnir eru, athuga hvað vantar og bæta smám saman við það sem þarf. Lítil skref geta skipt miklu máli þegar á reynir.

Af hverju eru nágrannar mikilvægir í almannavörnum?

Þegar eitthvað gerist er fyrsta aðstoðin oft nær en við höldum. Nágrannar, vinir og fjölskylda eru gjarnan fyrstu einstaklingarnir sem geta hjálpað eða veitt stuðning. Þegar fólk þekkir sitt nærumhverfi og hjálpast að verður auðveldara að takast á við erfiðar aðstæður.

Hvað eru fjöldahjálparstöðvar og hvernig veit ég hvar þær eru?

Fjöldahjálparstöðvar eru tímabundin úrræði sem opnuð eru þegar fólk þarf að yfirgefa heimili sín eða leita aðstoðar vegna neyðarástands. Ef fjöldahjálparstöð er opnuð verða upplýsingar um staðsetningu hennar birtar af sveitarfélögum, lögreglu og almannavörnum. Á vef Rauða krossins má einnig finna upplýsingar um hlutverk fjöldahjálparstöðva og staðsetningu þeirra um land allt.

Hvað geta sveitarfélög gert til að styðja við boðskap bæklingsins?

Sveitarfélög geta hvatt íbúa til að kynna sér efni bæklingsins og miðlað upplýsingum um viðbúnað í sínum samskiptaleiðum. Með skýrri upplýsingagjöf og góðu samtali við íbúa stuðla sveitarfélög að aukinni seiglu og öryggi í nærumhverfinu.

Er bæklingurinn ætlaður öllum?

Bæklingurinn er ætlaður öllum sem búa á Íslandi, óháð aldri, búsetu eða aðstæðum. Markmiðið er að veita einfaldar og hagnýtar upplýsingar sem hver og einn getur lagað að eigin þörfum.

Hvar finn ég bæklinginn Verum viðbúin?

Bæklingurinn verður sendur rafrænt til allra 18 ára og eldri í gegnum Ísland.is. Hann verður einnig aðgengilegur á verumvidbuin.is á íslensku, ensku og pólsku, auk útgáfa á auðlesnu máli og á táknmáli. Landsbjörg mun jafnframt dreifa bæklingnum samhliða sölu Neyðarkallsins.

Hver ber ábyrgð á bæklingnum?

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á útgáfu bæklingsins í samstarfi við dómsmálaráðuneytið, fjölmarga sérfræðinga, stofnanir og samstarfsaðila.
Nánari upplýsingar veitir Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra á netfanginu almannavarnir@almannavarnir.is.